

» ...sá allra frægasti í þessum bransa, og er búinn að vera mitt idol síðan ég var 12 ára. 44

## Ekkert stöðvar Arnald

Slær í gegn á Spáni



Á Spáááááni Arnaldur Indriðason.

hefur *Mýrin* verið gefin út á spænsku.

*Grafarþögn* hefur gengið gríðarlega vel í spænska lesendur og setið allan aprílmánuð í efstu sætum metsölulistanna. Á metsölulistum þriggja stærstu blaðanna í Katalóníu – *La Vanguardia*, *El Periódico* og *El Mundo*: Catalunya – fór bókinn beint í fimmta sæti en hækkaði sig viku síðar í fjórða sæti og hefur setið þar síðan.

Sömu sögu er að segja um metsölulista *La Razon* sem kemur út um allan Spán. Á þeim lista slær Arnaldur við metsölubókum eins og *Twilight*-bókum Stephenie Meyer og *Lesaranum* eftir Bernhard Schlink með því að sitja fast í fjórða sæti. Raunar virðast vinsældir Arnaldar teygja sig ansi víða á Spáni. Sem dæmi má nefna að í blaðinu *Hoy*, sem kemur út í Extremadura-héraðinu vestast á Spáni, fór *Grafarþögn* líka beint í fjórða sæti og þar hefur hún verið síðan.

Góðan árangur Arnaldar á Spáni má meðal annars þakka mikilli og jákvæðri umfjöllun, en birst hafa stórar greinar um bókina og höfundinn í blöðum eins og *La Vanguardia* og *El Mundo*. Gagnrýnendur hafa þá tekið bókinni vel; *El Periódico* segir rannsóknarlögreglumanninn Erlend Sveinsson vera norræna útgáfu af Maigret lögregluferingja, stóiskan og angistarfullan: „Ég rif í mig *Grafarþögn* eftir Arnald Indriðason, óhugnanlega spennusögu sem ég tel eina af áleitnari og mest grípandi skáldsögum seinni tíma.“ segir rittómariinn Ramón de España.

SKÁLDSAGAN *Grafarþögn* eftir Arnald Indriðason kom út fyrir rúmum mánuði á Spáni undir heitinu *La mujer de verde*. Þetta er önnur bók Arnaldar sem kemur út þar í landi en áður

## Myndasögur Ókeypis myndasögur í tonnavís

MYNDASÖGUGVERSLUNIN Nexus mun ásamt þúsundum verslana um víða veröld halda upp á „Free Comic Book Day“ í dag. Á ókeypis myndasögudeginum verða meira en tvær milljónir myndasagnablaða gefnar um gjörvallað heim en markmiðið er að kynna almenningi þetta skemmtilega bókmenntaform.

Dagurinn er nú haldinn áttonda árið í röð og lýkur Nexus upp dyrum sínum kl. 12. Ýmsar upplýsingar um titla og útgefendur er að finna á vefsíðunni [www.FreeComicBook-Day.com](http://www.FreeComicBook-Day.com).



Gísli Einarsson, eigandi Nexus.

## Íslenskt mál Höfum við gengið til góðs?

AKUREYRAR-AKADEMÍAN stendur fyrir málþingi í dag um málþýtingar og gildi íslenskrar tungu. Yfirskriftin er „Breytingar til hölvunar? – Um íslenskt mál á 21. öldinni“ en um er að ræða vorþing Akademiunnar og fer það fram í gamla húsmæðraskólanum.

Erindi flytja Kristján Árnason, prófessor við HÍ, Finnur Friðriksson, lektor við HA, Þórhallur Eypórsson, sérfræðingur við Málvísindastofnun HÍ, og Einar Már Guðmundsson rit höfundur. Málþingið er öllum opið og stendur yfir eitt laugardagssíðdegi frá kl. 13 til 17.30.



Einar Már er á meðal fyrirlesara.

## Textíll Verkstæði opnað á Korpúlfsstöðum

TEXTÍLVERKSTÆÐIÐ Korpa, Korpúlfsstöðum, verður formlega opnað í dag.

Vinnustofur verða opnar milli kl. 13 og 17 og félagskonur kynna nýjar vinnustofur. Textílfélagið hefur tekið á leigu stórt og glæsilegt rými í fyrrverandi mjólkurbúi á Korpúlfsstöðum.

Markmið Textílfélagsins með Textílverkstæðinu Korpu er að efla textílmennun. Verður verkstæðið vettvangur þar sem hægt er að leita til fagmanna á sviði textíls til eflingar textíllistum og textílhönnun í landinu.



Frá Korpúlfsstöðum.

Innsetning Elínar Hansdóttur í Hafnarhúsinu greind út frá ýmsum sjónarhornum

# Vinnur með ákveðna bjögun

Eftir Einar Fal Ingólfsson [efi@mbl.is](mailto:efi@mbl.is)

ÁHORFANDINN sem nálgast verkið Parallax, innsetningu Elínar Hansdóttur myndlistarmanns í Hafnarhúsinu, kemur fyrst að lítilli ljósmynd af húsi sem stóð í Hafnarfirði, það er gamalt hús með sérstaka framhlíð. Hann gengur síðan inn myrkvaðan gang. Við enda gangans beygir hann til hægri, stígur upp nokkrar tröppur, og virðist þá vera kominn inn í salinn sem innsetningin er í. Eða hvað? Gólfíð hallast, hann rekur höfuðið nánast upp í loft og gluggarnir, eru þeir á réttum stað? Hvernig í óskupunum er hlutföllunum háttad? Nærri innganginum í salinn er skjár uppi við loft. Í honum má fylgjast með áhorfandanum í innsetningunni – eins og tilraunadýri í gamalli vísindahrollveikju, sagði einhver.

Á morgun, sunnudag, klukkan 15 verður innsetning Elínar skoðuð og greind út frá ýmsum sjónarhornum. Leiðsögn verður um sýninguna en þau sem bregða ljósi á verkið eru Ólafur Mathiesen arkitekt, Hjálmar Sveinsson, útvarpsmaður og útgefandi, Shauna Laurel Jones listfræðingur og Magnús Þór Þorbergsson, lektor við leiklistardeild LHI.

### Langaði að vera í nútímanum

Í sköpunarferli þessa viðamikla verks leitaði Elín til fólks á ýmsum sviðum. Ólafur Mathiesen er einn þeirra. „Elín byrjaði að vinna út frá húsi Brunabótafélagsins; húsi sem mörgum fannst og finnst hálfþránglegt, en á það var sett módernísk



Morgunblaðið/Kristinn

Hvað er í gangi? „Eða hvað? Gólfíð hallast, hann rekur höfuðið nánast upp í loft og gluggarnir, eru þeir á réttum stað?“

framhlíð í byrjun sjöunda áratugarins,“ segir Ólafur. „Að mínu mati á þessi aðferð sér fordæmi í breytingum sem urðu á íslenski húsagerð í lok 18. aldar, þegar burstir eða stafnþil ruddu sér til rúms á betri bæjum. Þá, sem í byrjun sjötta áratugarins, voru þjóðfélagslegar breytingar sem sumum þótti nauðsyn að yrðu endurspegladar í byggingarlistinni. Húsinu í Hafnarfirði var ætlað að verða hluti af sínum samtíma,

fulltrúi nútímalegrar starfsemi, þegar því var breytt úr íbúðarhúsi í skrifstofur fyrir Brunabótafélagið 1965. Húsið er að stíga inn í nýjan heim en hefur þetta gamla áfast, rétt eins og burstin hefur torfbæinn áfastan.

Elín er að hluta að vinna með ákveðna sjónræna bjögun á því sem maður heldur að sé raunveruleikinn. Hún bendir á að þegar sjónarhornið breytist breytist skilningurinn á viðfangsefninu.“

### Í HNOTSKURN

» Innsetning Elínar Hansdóttur, Parallax, í Hafnarhúsinu verður skoðuð og greind út frá ýmsum sjónarhornum á morgun, sunnudag, kl. 15 undir yfirskriftinni List og rýni.

» Fjórir sérfræðingar veita leiðsögn en sýninguna og bregða ljósi á verkið. Aðgangur er ókeypis.

# Steypt gólf og pottur eru efniviðurinn

## ● Mæðgurnar Þóra Sigurðardóttir og Sólrún Sumarliðadóttir í Listasafni ASÍ

Eftir Einar Fal Ingólfsson [efi@mbl.is](mailto:efi@mbl.is)

„HVER maður hefur ákveðinn grundvöll að standa á, og við stöndum í fæturna enda þótt fólk hugsi ekki mikið út í það í daglegu amstri,“ segir Þóra Sigurðardóttir myndlistarmaður. Þóra vinnur með snertinguna við rými og tíma í verkum sem hún sýnir í Listasafni ASÍ. Í Arinstofunni er röð blýantsteikninga sem hún hefur unnið út frá rými ýmissa staða en í salnum er röð ættinga, þar sem sami myndheimur er kannadur, og þrjár stórar teikningar sem liggja lárétt. Þar er einnig stórt skrifað textaverk og grafík unnin með þurrnál. Þóra segir þær unnar út frá teikningum af vír sem stóð út úr vegg.

„Sýningin fjallar um teikninguna

og rýmið, er eins konar könnun á því hvað hún er eða hvað hún getur verið. Þessi verk eru öll svolítið um það hvernig maður les efni, eins og þegar blindur maður þreifir sig áfram. Hvernig aflar maður upplýsinga um heiminn?“ spyr Þóra. Í Gryfjunni er hljómrými eftir Sólrúnu Sumarliðadóttur. Hreyfimynd úr teikningum eftir Þóru er sýnd með hljóðverki Sólrúnar, en þær mæðgur hafa ekki áður unnið saman með þessum hætti. Hljóðverkið er stemningsríkt og ofið úr mörgum lögum – minnir nokkuð á hljóðheim hljómsveitarinnar Amiinu, sem Sólrún er meðlimur í. Uppistaðan er hljóð úr ákveðnum potti.

„Hann hljómar mjög vel,“ segir hún sannfærandi. Þrátt fyrir að pottur og vatnsbunur séu meginhljóðveitan segir Sólrún að verkið



Morgunblaðið/Einar Falur

Sólrún og Þóra „Hvernig aflar maður upplýsinga um heiminn?“ spyrja mæðgurnar. Á sýningunni eru teikningar, grafík, texta- og hljóðverk.

spretti ekki út frá Búsáaldabyltingunni. „Það var ekki meðvitað, en vissulega voru pottar fólki ofarlega í

huga,“ segir hún og brosir. „Þetta eru sterk efni hjá okkur hér; steyppt gólf og málpottur.“

## Myndlist og tónlist

MÆÐGURNAR Þóra Sigurðardóttir og Sólrún Sumarliðadóttir opna sýningar í Listasafni ASÍ í dag klukkan 15. Þóra sýnir teikningar, grafík og vídeó en framlag Sólrúnar er hljóðverk og kallast Pott-hljóð í gryfju. Þóra stundaði nám við MHI og framhaldsnám við Det Jyske Kunsthøgskolen. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum heima og erlendis. Samhliða því hefur Þóra m.a. unnið við listkennslu, skólastjórn, verkefna og sýningarstjórn. Sólrún lærði á selló við Tónlistarskólann í Reykjavík og í Hollandi, lauk BA gráðu í tónvísindum í Utrecht og MA gráðu í menningarfræðum í London árið 2006. Sólrún er í hljómsveitinni Amiinu.